

Icelandic A: literature – Higher level – Paper 1
Islandais A : littérature – Niveau supérieur – Épreuve 1
Islandés A: literatura – Nivel superior – Prueba 1

Friday 8 May 2015 (afternoon)
Vendredi 8 mai 2015 (après-midi)
Viernes 8 de mayo de 2015 (tarde)

2 hours / 2 heures / 2 horas

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a literary commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is **[20 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire littéraire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[20 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario literario sobre un solo pasaje.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[20 puntos]**.

Skrifaðu bókmenntagreiningu um **annan** af eftirfarandi textum:

1.

Báturinn var drekkhlaðinn margskyns varningi og fór mest fyrir tunnum þeim sem Scheving notar til ölgerðar: hrútasekkur með ullarlagði hvar maltvara þaðast heitvatni og kemst engin gráða burt úr þeim mikla tréhólk. Úr fati þessu bunar svo ölið í annað minna til að kólna og tók það líka nokkurt pláss í okkar litla tværingi, samt með margvíslegum tækjum úr tilhognum pottaleifum er ölgerðarmeistarinn möndlar fyrir iðn sína.

Sat hann með þetta á herðum sér lengi vel og kunnir sér best aðframkominn af þunga sinna slóttugu tóla. Það var ekki fyrr en María tók eftir að hendur hans voru farnar að hvítna og holdið meira og minna orðið vitundarlaust af blóðskorti að kerjunum var fyrirkomið á milli okkar.

Við hlið þessa stórfyrirtækis var farangur okkar Maríu heldur pasturslífill. Ég hafði sjálfan mig og nokkra nýpvegna leppa, María hélt um eldunarbókina og fáeinar kastarollur sem sloppið höfðu undan brasi Schevings. Úti á firðinum maraði huggurta¹ ein stór með miklum seglum. Skarfar stungu saman nefjum á innskerjum og mikill lundi var á flestum eyjum. Það fyrsta sem mér datt í hug í garginu var að einhver þyrfti að éta þessa fugla. Svona kúnstug fæða er best grafin sem hrámeti eða reykt og vel soðin með þjöppuðu jarðepli og rifsberjaröða. Ég held ég sé hreinlega farinn að fitna svolítið, Eggert minn, svo vel hafa hjúin spillt í mér matgæðingnum. Kvak í fugli vekur mér losta eftir innbakaðri villibringu og heitreyktri lifur; jafnvel skvamp í fiski verður til þess ég hugsa stundum um *caviar*, sem er blóðrauð hrognakássa er María saltar niður í reyktunnu. Verð ég og allur innanmeyr við útundan mér gutl í vínbelg sem Scheving hefur lagt í sína sálu og óráð.

Það er því svosem ekki fallega gert af mér að lasta hans fyrirferð og tækjakost um borð í bátum, jafn ægilega og hann leggur sig fram um að geðjast mér með vínföngunum. Klaufska hans og almennt bardús hefur þó orðið til þess að ekkert hjú er mér jafn framarlega í huga er viðkemur vandræðagangi hjartans. Virðist sama hvar niður er borið, jafnt á rúmsjó og fastlendi, í samneyti við annað fólk leitar hans fumeðli jafnan fyrst fram. Máski er það ekki allt til ónýtis enda væri ekki góður heimur þar sem allir menn væru eins geðjaðir. Með fjölbreytninni auðgast verk okkar og eykst allt þeirra gildi hafi menn lund til að sinna því sem fyrir þá er lagt. Mitt hlutskipti hefur verið að segja fólki af Guðs orði og reyna veita því svolitla huggun, og ég hef fengið að setja niður kartöflu mér til yndisauka, séð hana vaxa inn í nýjan heim.

Scheving, afturámóti, á sitt fastaland og hugarheim hvergi nema í gerjuninni. Verður þetta aldrei ljósara en í nánd Maríu, þar sem hann er rofinn úr sínum þungu ölgerðarþönkum og veit þá ekki hvernig hann á af sér að láta. Er hann að þessu leyti mjög ólíkur kartöflunni að sköpulagi og skapgerð. Moldareðlið gerir jarðeplið harðgert en jafnframt undirorpið meinsemdum, svosem nagi áttfætlinga, loðmúsar og tóu, samt með gælum myglunnar. Þarf kartaflan án undantekninga til síns náttúrulega vaxtarlags að hafa köfnunarefni, þar eð Scheving er á hinn bóginn mjög nærri köfnun í hverju sínu fótspori nærri Maríu. Svo er hann hrasgjarn í kringum stúlkuna að það er allt eitt stórt veraldarinnar *spectrum*²; í ófirð³ hennar er karlmennskan að vaxi gerð sem í eldsnánd: hann lyppast niður á þann dýpsta botn sem úthaf mannkenndanna streymir á. Þannig eitrast öll hans verund og verður að litlu gagni.

Sölvi Björn Sigurðsson, *Gestakomur í Sauðlauksdal* (2011)

¹ huggurta: gamalt orð yfir seglskútu

² spectrum: latína, hér merkir það líklega sjónarspil

³ ófirð: nálægð

2.

Verið hef ég skotveiðimaður og gleymt
að þegar höglín hæfa rjúpunna
er hún önnur en sú
sem miðað var á

5 Verið hef ég ástfanginn unglíngur
og ekki gefið því gaum
hvað snjókorin vara stutt
á hitaveitustokknum

10 Verið hef ég ísmoli
í fullri könnu af vatni og
ekki vitað betur en ég væri allt
annað en vatn

15 Nú er ég foss
á brún
og hef ekki hugmynd um
hvar þetta endar

Vésteinn Lúðvíksson, *Sumir láta einsög holdið eigi sér takmörk* (2006)
